

Íslenskukennsla fyrir útlendinga Sjálfsmat og umbótaáætlun, ágúst 2025

Inngangur

Frá hausti 2015 hefur Samband íslenskra kristniboðsfélaga boðið upp á ókeypis íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Hugsjónin er fyrst og fremst að bjóða fólki sem ekki hefur aðstöðu til að sækja námskeið eða vinnu af einhverjum ástæðum upp á að koma og læra íslensku í öruggu og kærleiksríku umhverfi. Þessar ástæður geta verið ýmsar t.d. þær að fólk er í biðstöðu, ekki komið með dvalar- og/eða atvinnuleyfi, konur sem eru heimavinnandi og komast ekki á námskeið nema að degi til og þá jafnvel með börnin með sér, fólk sem vegna fjárhags og samfélagsstöðu getur ekki sótt önnur námskeið o.fl. Á sama tíma eru námskeiðin að auki opin öllum þeim sem vilja læra íslensku og eru jafnvel sumir nemendur á öðrum námskeiðum samhliða en koma hingað því hér fá þeir góða talþjálfun og tækifæri til að tengjast öðru fólki.

Áskoranir

Áskoranir í kennslunni hafa undanfarin misseri tengst breytingum á lögum um alþjóðlega vernd. Á vorönn 2024 sóttu mjög margir Venesúelabúar námskeiðin og hófu nám á haustönn líka, en flestum þeirra var vísað úr landi síðar um haustið. Á vorönn 2024 má segja að aðsóknin hafi því verið helst til mikil en á haustönn fækkaði verulega. Við höfum reynt eftir fremsta megni að finna leiðir til þess að aðlagða námskeiðin eins og hægt er að breytilegum nemendahópi þannig að nemendur fái sem mest út úr kennslunni. Frá og með haustönn 2024 hefur nemendafjöldinn verið nokkuð stöðugur. Að meðaltali sækja um 40 manns tíma í hvert skipti, en í heildina eru yfir 100 manns skráðir.

Innra mat

Í upphafi og lok hvers námskeiðs er matsfundur með kennurum og sjálfboðaliðum þar sem metið er hvort markmið kennslunnar hafi náðst, hvort kennsluaðferðir og námsefni hafi verið í takt við hæfniviðmið og hvað þurfi að bæta. Í lok hvers námskeiðs svara nemendur könnun þar sem þeir meta aðstöðu, kennslu, kennsluaðferðir o.fl. Þriggja manna teymi sem samanstendur af framkvæmdastjóra, ábyrgðarmanni og umsjónarkennara fer yfir niðurstöður þessara funda og kannana og gerir áætlun um úrbætur sem síðan eru birtar á heimasíðu samtakanna undir flípanum íslenskukennsla. Umsjón með sjálfsmatinu hefur ábyrgðarmaður námsins.

Mat nemenda

Almennt eru nemendur mjög ánægðir og gefa námskeiðunum hæstu einkunn. Í lok vorannar 2025 nefndu þeir að þeim finnst vel tekið á móti þeim og að þeim er mætt af kærleika, virðingu og skilningi. Einnig nefndu nokkrir að þeir séu sérstaklega ánægðir með talþjálfun í hópum.

Einungis fjórir gerðu athugasemdir eða voru með ábendingar og þær eru eftirfarandi (einungis einn nemandi er á bak við hverja athugasemd):

- Talþjálfun - stundum farið of hratt yfir í byrjun tímans
- Vídeóefni og söngvar mættu vera aðeins hægari
- Erfitt ef ekki er alltaf sami kennari með hópinn
- Ósk um að skrifa meira, kennari skrifi á töflu

Mat kennara/sjálfbóðaliða og ábyrgðaraðila

Kennarar eru yfir höfuð ánægðir með skipulag og framkvæmd kennslunnar. Reynt er að skipta nemendum í hópa eftir málsvæðum. Kostirnir eru að nemendur geta hjálpast að og það kemur sér sérlega vel í þeim tilvikum þar sem nemendur tala ekki ensku.

Á matsfundum kennara kom fram ósk um að geta sinnt þeim sem eru hugsanlega ólæsir og boðið upp á lestrarkennslu. Þetta var kannað vorið 2025 en þá var fenginn sérfræðingur í lestrarkennslu til þess að kanna þörfina. Í ljós kom að flestir kunna undirstöðuatriðin í lestri svo ekki þótti ástæða til að bjóða upp á lestrarnámskeið fyrir þá.

Ekki gekk að fá sjálfbóðaliða á haustönn 2024 til þess að sjá um kaffi og léttar veitingar í hléi og margir söknuðu þess, en úr því var bætt á vorönn 2025 og vakti það mikla ánægju.

Menntamálayfirvöld hafa gert athugasemdir við þrjú atriði vegna íslenskukennslunnar, en þau eru:

- Ófullnægjandi upplýsingar um gæðakerfi og sjálfsmat á heimasíðu SÍK.
- Ekki sé skýrt hvort og hvernig nemendum standi til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf.
- Ekki er talið nógu skýrt hvort nemendur geti fengið upplýsingar um það nám sem þeir hafa lagt stund á og lokið hjá SÍK.

Umbótaáætlun fyrir haust 2025

Í ljósi ábendinga frá menntamálayfirvöldum verða upplýsingar um gæðakerfi og sjálfsmat gerðar aðgengilegar á heimasíðu SÍK.

Á sömu síðu verður nemendum kynnt að þeir geti fengið upplýsingar um og staðfestingu á íslenskunámi sínu hjá SÍK.

Á heimasíðunni verða einnig upplýsingar um að nemendur geti leitað til starfsfólks og sjálfbóðaliða SÍK vegna ráðgjafar. SÍK hefur ekki bolmagn til að vera með náms- og starfsráðgjafa á sínum snærum,

en starfsfólk og sjálfboðaliðar geta veitt ráðleggingar um hvert skal leita. SÍK hefur fengið kynningu frá félagsráðgjafa hjá Reykjavíkurborg um stöðu hælisleitenda og þeirra sem fengið hafa dvalarleyfi og leiðbeiningar um hvert beri að vísa þeim í hverju tilviki fyrir sig.

Eins og áður verður allt kapp lagt á að bjóða fólki upp á að koma og læra íslensku í öruggu og kærleiksríku umhverfi. Kappkostað er að hver nemandi fái kennslu og þjálfun við hæfi. Ábendingar nemenda verða teknar til greina eins og aðstæður bjóða upp á í hvert skipti, t.d. varðandi að útskýra hægar og skrifa á töflu. Þetta eru þó atriði sem sífellt er verið að vinna með.

Lokaorð

Allar úrbætur og skipulag er háð þeim mannafla og fjármagni sem til staðar er hverju sinni. Staða Kristniboðssambandsins sem góðgerðarsamtaka er sú að aldrei er vitað nema stutt fram í tímann hver sú staða er. Eins og kom fram í inngangi er hugsjónin fyrst og fremst að mæta fólki sem ekki er í aðstöðu til að sækja önnur námskeið eða vinnu. Á sama tíma eru námskeiðin að auki opin öllum þeim sem vilja læra íslensku og engin önnur skilyrði. Sumir nemendur eru jafnvel á öðrum námskeiðum samhliða en koma hingað því hér fá þeir góða talþjálfun og tækifæri til að tengjast öðru fólki. Mögulega þarf að halda þessum forsendum betur á lofti svo öllum nemendum sé ljóst hvers konar námskeiði þeir taka þátt í og ekki séu væntingar um annað en Kristniboðssambandið ræður við og býður upp á.

Reykjavík 28. ágúst 2025

Gæða og úrbótateymi:

Ásta Bryndís Schram

Helga Vilborg Sigurjónsdóttir

Sigríður Schram